



GERÐU OG ÉG SÉ – SEGÐU OG ÉG HEYRI!

Hvernig nýtum við leikinn til að gefa öllum börnum rödd?

Ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar
á Hilton Reykjavík Nordica, 4. febrúar 2016

DAGSKRÁ

- 8:00 **Afhending ráðstefnugagna**
- 8:30 **Setning** - Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri SFS
Myndbrot – Vinakveðja úr Dalskóla
- 9:00 **Tjáning í leik**
Dr. Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ
Myndbrot – Leikur með pappír í Sæborg
- 9:50 **„En allt dót er stelpu- og strákadót!“**
Jóhanna Kristín Jónsdóttir, þroskaþjálfari í Geislabaugi
- 10:20 **Kaffihlé**
- 10:50 **Virkur þátttakandi eða þögull áhorfandi?**
Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar SFS
Myndbrot – Nám í leik í Ægisborg
- 11:40 **Að lesa og leika list er góð**
Aðalheiður Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Reynisholti
- 12:10 **Samantekt og slit**
Dr. Arna Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ

Ráðstefnustjóri
Inga Dóra Jónsdóttir, fyrrum leikskólastjóri

Myndbrot – Vinakveðja úr Dalskóla

Í Dalskóla hefur frá upphafi verið lögð áhersla á söng, samveru og gleði. Álfabjargarbörnin flytja ráðstefnugestum vinakveðju úr Dalskóla með ósk um góða og gjöfula ráðstefnu.

Tjáning í leik - merkingarsköpun ungra leikskólabarna

Hrönn Pálmadóttir

Leikskóladeild er samfélag þar sem börn deila tilfinningum, upplifunum og þekkingu í gegnum leikrænar athafnir. Yngstu leikskólabörnin, sem eru ekki enn farin að nota tungumálið sem megintjáningarleið sína, hafa takmarkaðri möguleika en þau sem eldri eru á því að láta til sín taka í leikskólanum. Í erindinu er sagt frá rannsókn þar sem kannað var hvað börnum á aldrinum eins til þriggja ára, á tveimur deildum í leikskóla, fannst mikilvægt þegar þau sköpuðu samfélag sitt í leik. Sjónum var beint að því hvernig börnin leituðu eftir samskiptum við félag sína, hvaða gildi voru mikilvæg í augum þeirra og hvaða skilning börnin lögðu í hlutverk starfsmanna í leiknum.

Hrönn Pálmadóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands 2015. Helstu rannsóknarsvið hennar eru samskipti og leikur barna, viðhorf og starfshættir leikskólakennara.

Myndbrot - Leikur með pappír í Sæborg

Í Sæborg er lögð mikil áhersla á skapandi starf. Forsendan fyrir því að börn geti unnið með efnivið á skapandi hátt er að þau þekki efnið, hafi leikið með það, prófað það og upplifað með öllum þeim leiðum sem þau kjósa, ekki aðeins einu sinni heldur mörgum sinnum. Börn skoða og upplifa heiminn og umhverfið á einlægan og fjölbreyttan hátt. Þau nota ekki aðeins augun og hendurnar til að skoða heldur allan líkamann, flest skynfærin, rökhugsun og reynslu. Þessi stuttmynd sýnir hvernig yngstu börnin kynntust pappír á ýmsa vegu.

„En allt dót er stelpu- og strákadót!“

Þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna í Geislabaugi

Jóhanna Kristín Jónsdóttir

Nú skal segja er þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Geislabaugi í Grafarholti. Megintilgangur verkefnisins var að gera kennara leikskólans meðvitaða um mikilvægi jafnréttiskennslu, tryggja að öll börn í Geislabaugi hefðu jafnan rétt til náms, óháð kyni, og ögra gamaldags viðhorfum fullorðinna um það hvernig stelpur og strákar „eigi“ að vera. Notast var við skráningar til að skoða hugarheim barnanna í þessum efnum.

Jóhanna Kristín Jónsdóttir er þroskaþjálfari og er nýlega tekin við stöðu hegðunarráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Hún var ábyrgðarmaður sérkennslu í Geislabaugi og verkefnisstjóri þróunarverkefnisins Nú skal segja.



Virkur þátttakandi eða þögull áhorfandi?

Fríða Bjarney Jónsdóttir

Samsetning barna- og foreldrahópa í leikskólum hefur þróast í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi. Börn, foreldrar og starfsfólk leikskóla tilheyra mismunandi fjölskyldugerðum og búa við fjölbreytta heimamenningu og tungumál. Þessar breytingar fela í sér spennandi áskorun um að þróa vinnubrögð sem bjóða alla velkomna til samstarfs og þátttöku. Í erindinu verður fjallað um hvernig nýta má gagnrýna uppeldis- og kennslufræði með fjölmennningarlegum áherslum til að þróa lýðræðislegt leikskólastarf. Sagt verður frá niðurstöðum íslenskra og erlendra rannsókna um hvernig hægt er jafna tækifæri barna til þess að ná árangri, m.a. með því að leggja áherslu á viðeigandi aðferðir með mál og læsi og með því að virkja foreldra til samstarfs og þátttöku.



Fríða Bjarney Jónsdóttir er verkefnastjóri fjölmennningar í leikskólum Reykjavíkur. Hún útskrifaðist sem leikskólakennari frá KHÍ 1998, lauk M.Ed. prófi í menntunarfræðum með áherslu á fjölmenningu 2011 og stundar nú doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Helstu rannsóknar- og áhugasvið Fríðu eru á sviði fjölmennningarlegs leikskólastarfs og vinnu með mál og læsi tví- og fjöltýngdra barna.

Myndbrot - Nám í leik í Ægisborg

Í Ægisborg er kappkostað að hafa menntandi umhyggju að leiðarljósi og höfuðmarkmið leikskólastarfsins er að njóta lífsins. Leitast er við að skapa jákvætt og skemmtilegt lærdómssamfélag barna og fullorðinna. Leikur er besta námsleið æskuáranna og eftirsóknarverður þáttur barnamenningar, svo velfest sem gert er í Ægisborg verður að leik.

Að lesa og leika list er góð

Aðalheiður Stefánsdóttir

Að lesa og leika list er góð er þróunarverkefni í leikskólanum Reynisholti sem spannar tvö ár. Markmið verkefnisins er að efla orðaforða og málnotkun barna í gegnum hlutverkaleik og að efla foreldrasamvinnu um læsishvetjandi umhverfi. Verkefnið hófst haustið 2015 og hefur megináherslan í byrjun verið lögð á að efla samstarf við foreldra tvítýngdra barna og að finna leiðir til að skrá hlutverkaleikinn. Stofnuð hafa verið teymi um megináherslur leikskólans og leitað leiða til að efla samræðu um faglegt samstarf.



Viltu koma í eldflaugina mína?

Aðalheiður Stefánsdóttir er aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Reynisholti. Hún lauk B.Ed. prófi í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2006 og stundar nú meistaranám í stjórnun menntastofnana við Háskóla Íslands.



Arna Jónsdóttir

Arna H. Jónsdóttir er lektor á sviði leikskólafræða og forystu, formaður námbrautar í leikskólakennarafræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og forstöðumaður RannUng. Hún lauk doktorsprófi frá Institute of Education, University of London 2012.

Hildur Skarphéðinsdóttir

Hildur Skarphéðinsdóttir er skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hún lauk M.Sc. í Early Education frá University of Strathclyde í Glasgow 2002.

Inga Dóra Jónsdóttir

Inga Dóra Jónsdóttir var leikskólastjóri í leikskólanum Hálsakoti og síðar Hálsaskógi til 2014. Síðan þá hefur hún tekið að sér ýmis verkefni í tengslum við leikskóla, t.d. verið aðstoðarleikskólastjóri í Sunnufold og unnið við ytra mat á leikskólum fyrir Námsmatsstofnun. Hún útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands 1974 og lauk framhaldsnám í stjórnun frá sama skóla 1992.

Takk fyrir komuna á ráðstefnuna



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu fulltrúar skóla- og frístundasviðs, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla.